

70. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1985. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 115 frá 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis, og lög um breytingar á þeim lögum.

Gjört í Reykjavík, 14. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

Nr. 53

25. júní 1985

LÖG

um breyting á orkulögum, nr. 58/1967, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra skipar þrjá menn í stjórn Orkustofnunar til tveggja ára í senn. Í skipunarbréfi skal nánar kveðið á um starfssvið, starfshætti og starfskjör stjórnarmanna.

2. gr.

Við I. kafla orkulaga bætast þrjár nýjar greinar, sem verða 7., 8. og 9. grein, og breytist röð annarra greina samkvæmt því.

a. (7. gr.)

Íðnaðarráðherra er heimilt að stofna hlutafélag til að markaðsfæra erlendis þá þekkingu sem Orkustofnun ræður yfir á sviði rannsókna, vinnslu og notkunar jarðhita, vatnsorku-rannsókna og áætlunargerðar í orkumálum, svo og á öðrum sviðum eftir því sem fært þykir.

Hlutafélagi skv. 1. mgr. er ætlað að standa undir rekstri sínum með tekjum af verkefnum erlendis. Allt starf að markaðsfærslu á sérþekkingu Orkustofnunar erlendis og öll rannsóknar- og ráðgjafarverk hennar erlendis skulu unnin af og á ábyrgð hlutafélagsins. Ábyrgð Ríkissjóðs Íslands á félaginu takmarkast alfarið við framlagt hlutafé.

Hlutafélaginu er heimilt að fengnu leyfi ráðherra að taka þátt í stofnun fyrirtækja ásamt með íslenskum og erlendum samstarfsaðilum í því skyni að vinna sameiginlega að öflun og úrlausn verkefna skv. 2. mgr.

b. (8. gr.)

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga um hlutafélög, nr. 32/1978, gildir ekki um tölu stofnenda hlutafélagsins og 1. mgr. 17. gr. sömu laga gildir ekki um tölu hluthafa. Sú undantekning skal gilda frá 2. mgr. 47. gr. laga nr. 32/1978 að á aðalfundi skal kjósa stjórn Orkustofnunar til að vera stjórn hlutafélagsins. Að öðru leyti gilda ákvæði hlutafélagalaga um félagið og fer ráðherra sá, sem fer með orkumál, með eignaraðild ríkisins að hlutafélaginu.

c. (9. gr.)

Orkustofnun er heimilt, með leyfi ráðherra, að lána hlutafélagi skv. 7. gr. starfsfólk til starfa við erlend verkefni sem félagið tekur að sér. Slíkt starfsfólk Orkustofnunar telst starfsfólk hlutafélagsins á lánstímanum og skal starfstími hjá hlutafélaginu reiknast með starfstíma viðkomandi sem ríkisstarfsmanns varðandi þau réttindi sem tengd eru starfsaldri. Jafnframt skulu þeir starfsmenn, sem þess óska, halda aðild að lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna, enda haldi greiðslur áfram með sama hætti á lánstímanum og verið hefði ef starfsmaður hefði unnið óslitið hjá Orkustofnun. Um réttindi starfsfólksins fer að öðru leyti samkvæmt ráðningarsamningi.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1985.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ríkissjóður leggur hlutafélaginu til stofnfé eftir því sem nánar er kveðið á um í fjárlögum, allt að jafnvirði 4 000 000,00 kr. (miðað við verðlag í janúar 1985) árlega árin 1986, 1987 og 1988.

Gjört í Reykjavík, 25. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sverrir Hermannsson.